



Mannvirkja
stofnun

Stoðrit við skoðunarlista

Yfirferð hönnunargagna

4.031

Útgáfa 1.7

Dags. 17.05.2019



Efnisyfirlit

Inngangur	9
1 Aðaluppdrættir	10
1.1 Gátlistar hönnunarstjóra	10
1.2 Málsetning uppdráttar	11
1.3 Sérstök mannvirki	12
1.4 Uppdráttur af breytingum	13
1.5 Efni afstöðumyndar	14
1.6 Staðsetning byggingar	15
1.7 Bílastæði hreyfihamlaðra	16
1.8 Efni grunnmyndar	17
1.9 Brunavarnir	18
1.10 Loftræsing	20
1.11 Votrými	21
1.12 Inngangs-/ útidyr og svala-/ garðdyr	22
1.13 Dyr innanhúss	23
1.14 Gangar og anddyri	24
1.15 Jöfnun hæðarmunar og algild hönnun	25
1.16 Stigapallar/hvildarpallar	26
1.17 Stigar og tröppur - breidd og lofthæð	27
1.18 Skábrautir og hæðarmunur	28
1.19 Lyftur og lyftupallar	29
1.20 Handlistar, handrið	30
1.21 Almennar kröfur til íbúða	31
1.22 Íbúðir hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar	32
1.23 Íbúðir og íbúðarherbergi í kjallara og á jarðhæð	33
1.24 Almennt (Byggingar til annarra nota en íbúðar)	34
1.25 Algild hönnun snyrtinga og baðherbergja (í byggingum til annarra nota en íbúðar)	35
1.26 Fjöldi og gerð snyrtinga (í byggingum til annarra nota en íbúðar)	36
1.27 Búningsherbergi og baðaðstaða á vinnustöðum	37
1.28 Samkomuhús	38
1.29 Skólar	39
1.30 Gistiherbergi sem ætluð eru hreyfihömluðum	40
1.31 Sjúkrahús, dvalar-, hjúkrunar-, hvíldar-, hressingarheimili	41
1.32 Hótel, gistiheimili og gistiskálar	42
1.33 Íbúðir og heimavistir fyrir námsmenn (stúdentagarðar)	43



1.34	Frístundarhús til útleigu	44
1.35	Bílgeymslur	45
1.36	Sérstök mannvirki	46
1.37	Þjónustukjarnar	47
1.38	Starfsmannabúðir	48
1.39	Tæknirými	49
1.40	Inntaksrými	50
1.41	Klefar fyrir loftræsistöki	51
1.42	Töfluherbergi	52
1.43	Ræstiklefar	53
1.44	Sorpgeymslur og sorpflokkun	54
1.45	Innbyggðar sorpgeymslur og sorpgeymslur byggðar í tengslum við byggingar	55
1.46	Sorpgerði/sorpskýli	56
1.47	Flóttaleiðir	57
1.48	Björgunarop	58
1.49	Fólksfjöldi (rýming við eldsvoða)	59
1.50	Öruggt svæði	60
1.51	Efni útlitsuppdráttar	61
1.52	Sneiðingar og landhæðir	62
1.53	Inngangs-/ útidyr og svala-/ garðdyr	63
1.54	Dyr innanhúss	64
1.55	Lofthæð og birtuskilyrði (íbúðarhúsnæðis)	65
1.56	Lóðaruppdráttur á grunnmyndum jarðhæða	66
1.57	Aðkomuleiðir og umferðarsvæði innan lóðar	67
1.58	Algild hönnun aðkomu að byggingum	68
1.59	Algild hönnun (útsvæði við mannvirki)	69
1.60	Dvalar- og leiksvæði (útsvæði við mannvirki)	70
1.61	Almennar kröfur til íbúða	71
1.62	Byggingarlýsing	72
1.63	Greinargerðir um aðgengi	74
1.64	Greinargerðir um einangrun og raka	78
1.65	Greinargerðir um hljóðvist	80
1.66	Greinargerðir um brunahönnun	81
1.67	Greinargerðir um lýsingu	82
1.68	Greinargerðir um öryggi	83
2	Byggingaruppdrættir (séruppdrættir)	84



2.1	Gátlistar hönnunarstjóra	84
2.2	Staðfest samræmi við aðaluppdrátt og áritun hönnunarstjóra	85
2.3	Frágangur og merking uppdráttá	86
2.4	Greinargerð hönnuðar (hljóðvist 2).....	87
2.5	Frágangur raka- og vindvarnarlaga.....	88
2.6	Frágangur klæðninga þaka og þakbrúna	89
2.7	Frágangur ystu klæðningar veggja, glugga, dyra, festingar og loftun	90
2.8	Uppbygging og frágangur brunahólfandi veggja annarra en burðarveggja.	91
2.9	Uppbygging og frágangur niðurhengdra lofta og frágangur vegna eldvarna.....	92
2.10	Frágangur, gerð og þykkt varmaeinangrunar.....	93
2.11	Frágangur hljóðeinangrunar.....	94
2.12	Inngangs-/ útidyr og svala-/ garðdyr	95
2.13	Dyr innanhúss	96
2.14	Gangar og anddyri	97
2.15	Stigar, tröppur og þrep	98
2.16	Stigar og tröppur - breidd og lofthæð	99
2.17	Stigar og tröppur – gönguhlutfall, framstig, uppstig, innskot o.fl.	100
2.18	Sveigðar tröppur, hringstigar og útitröppur	101
2.19	Skábrautir og hæðarmunur	102
2.20	Lyftur og lyftupallar	103
2.21	Frágangur handlista.....	104
2.22	Frágangur handriðs	105
2.23	Hæð handriðs	106
2.24	Öruggt svæði fyrir hreyfihamlaða	107
2.25	Dyr í flóttaleið.....	108
2.26	Leiðarmerkingar á flóttaleiðum.....	109
2.27	Leiksvæði	110
3	Burðarþolsuppdrættir	111
3.1	Gátlistar hönnunarstjóra	111
3.2	Staðfest samræmi við aðaluppdrátt og áritun hönnunarstjóra	112
3.3	Frágangur og merking uppdráttá	113
3.4	Greinargerð hönnuðar: Forsendur hönnunar	114
3.5	Greinargerð hönnuðar: Helstu niðurstöður	115
3.6	Greinargerð hönnuðar: Aðrar upplýsingar	116
3.7	Formbreytingar.....	117
3.8	Hámarkssvignun vegna skammtíma punktálags	118



3.9	Hámarkshliðarfærsla	119
3.10	Staðfesting fullnægjandi burðarpols vegna breyttrar notkunar eða breytinga á þegar byggðu mannvirki	120
3.11	Grundun.....	121
3.12	Burðarvirki úr járnbentri steinsteypu	122
3.13	Burðarvirki úr stáli og áli.....	124
3.14	Burðarvirki úr timbri	125
3.15	Burðarvirki úr gleri.....	126
3.16	Frágangur og framsetning hönnunargagna.....	127
3.17	Brunahönnun burðarvirkis	128
4	Hitalagnakerfi.....	129
4.1	Gátlistar hönnunarstjóra	129
4.2	Yfirlýsing um samræmingu uppdráttar með áritun hönnunarstjóra.....	130
4.3	Frágangur og framsetning hönnunargagna.....	131
4.4	Greinargerð hönnuðar, forsendur hönnunar og helstu niðurstöður vegna hitalagna....	132
4.5	Efniskröfur skilgreindar, þ.e. pípustærðir og kröfum til búnaðar lýst	133
4.6	Tengigrind, frágangur hennar, tenging við veitukerfi og stillibúnaður	134
4.7	Öryggisloki á hitakerfi.....	135
4.8	Festingar lagna og hitagjafa	136
4.9	Þéttleika- og þrýstiprófun lagna	137
4.10	Frágangur, staðsetning og einangrun pípulagnar	138
4.11	Brunavarnir.....	139
4.12	Kröfur til hljóðvistar.....	140
4.13	Afkastageta kerfis og varmagjafar	141
4.14	Fyrirkomulag afloftunar og áfyllingarbúnaður	142
4.15	Ráðstafanir vegna bakrennslisvatns.....	143
4.16	Rekstraröryggi ketil-, olíu- og rafhitunar	144
5	Neysluvatnskerfi	145
5.1	Gátlistar hönnunarstjóra	145
5.2	Yfirlýsing um samræmingu uppdráttar með áritun hönnunarstjóra.....	146
5.3	Frágangur og framsetning hönnunargagna.....	147
5.4	Greinargerð hönnuðar, forsendur og helstu niðurstöður vegna neysluvatnslagna.....	148
5.5	Efniskröfur og kröfur til búnaðar	149
5.6	Tengigrind, frágangur og tenging við veitukerfi og stillibúnaður	150
5.7	Festingar lagna	151
5.8	Þéttleika- og þrýstiprófun lagnar.....	152



5.9	Frágangur, staðsetning og einangrun pípulagnar. Lokar að íbúðum og varnir við vatnshöggum	153
5.10	Brunavarnir.....	154
5.11	Kröfur til hljóðvistar.....	155
5.12	Varnir gegn bakrennsli.....	156
5.13	Ráðstafanir vegna öryggis, varðandi húðbruna, hita á neysluvatni og bakteríugróðri í lögnum	157
5.14	Rekstraröryggi vegna ketil-, olíu- og rafupphitunar	158
6	Fráveitukerfi.....	159
6.1	Gátlistar hönnunarstjóra	159
6.2	Yfirlýsing um samræmingu uppdráttar með áritun hönnunarstjóra.....	160
6.3	Frágangur og framsetning hönnunargagna.....	161
6.4	Greinargerð hönnuðar, forsendur og helstu niðurstöður vegna frárennislagna.....	162
6.5	Efniskröfur, kröfur til búnaðar og tengiskilmálar veitu	163
6.6	Frágangur lagna í jörðu lega þeirra, efni og undirbygging fyllingar að lögnum og búnaði	164
6.7	Frárennsli við töppunarstaði	165
6.8	Brunavarnir.....	166
6.9	Varasöm og hættuleg efni.....	167
6.10	Útloftun og bakrennsli.....	168
6.11	Stærðarákvörðun og afkastgeta, skolp-, regnvatns- og þerrilagna	169
6.12	Kröfur til hljóðvistar.....	170
7	Loftræsikerfi.....	171
7.1	Gátlistar hönnunarstjóra	171
7.2	Yfirlýsing um samræmingu uppdráttar með áritun hönnunarstjóra.....	172
7.3	Frágangur og framsetning hönnunargagna.....	173
7.4	Greinargerð hönnuðar vegna loftræsilagna - forsendur hönnunar	174
7.5	Greinargerð hönnuðar vegna loftræsilagna - forsendur hönnunar, (loftmagns-ákvörðunarskjal)	175
7.6	Efniskröfur skilgreindar, eiginleikar og afköst loftræsibúnaðar	176
7.7	Rafmagnsaflospörf.....	177
7.8	Almennt um loftræsinguna	178
7.9	Ferskloft uppblöndun lofts og mengandi rými.....	179
7.10	Frágangur loftinntaks og útblástursops.....	180
7.11	Op upp úr þaki í lyftum.....	181
7.12	Loftræsing íbúða og tengdra rýma	182
7.13	Loftræsing í skólum, frístundaheimilum og sambærilegum byggingum.....	183



7.14	Loftræsing í atvinnuhúsnæði og húsnæði sem almenningur hefur aðgang að.....	184
7.15	Loftræsing í bílgeymslum	185
7.16	Brunavarnir loftræsikerfa og lagna.....	186
7.17	Kröfur til hljóðvistar.....	187
7.18	Prófun búnaðar, stillingar og samvirkni tækja	188
7.19	Öryggi loftræsibúnaðar	189
8	Kæli-, olíuprýsti-, gas- og þrýstiloftslagnir	190
8.1	Gátlistar hönnunarstjóra	190
8.2	Yfirlýsing um samræmingu uppdráttar með áritun hönnunarstjóra.....	191
8.3	Frágangur og framsetning hönnunargagna.....	192
8.4	Greinargerð hönnuðar, forsendur hönnunar og helstu niðurstöður vegna kæli- og olíuprýstikerfa, gas- og þrýstiloftskerfa	193
8.5	Efniskröfur skilgreindar og kröfur til búnaðar	194
8.6	Festingar lagna	195
8.7	Frágangur, staðsetning og einangrun pípulagnar	196
8.8	Brunavarnir.....	197
8.9	Kröfur til hljóðvistar.....	198
8.10	Afkastageta kerfis	199
8.11	Gaslagnir.....	200
8.12	Olíu- og þrýstiloftskerfi.....	201
9	Fjarskipta- og raflagnir	202
9.1	Gátlistar hönnunarstjóra	202
9.2	Yfirlýsing um samræmingu uppdráttar með áritun hönnunarstjóra.....	203
9.3	Frágangur og framsetning hönnunargagna.....	204
9.4	Greinargerð hönnuðar, forsendur og helstu niðurstöður vegna raf- og fjarskiptalagna	205
9.5	Efniskröfur skilgreindar og kröfur til búnaðar	206
9.6	Brunavarnir, þar sem lagnir fara í gegnum brunahólf.....	207
9.7	Uppdrættir afstöðumynd	208
9.8	Uppdrættir grunnmynd	209
9.9	Uppdrættir snið- og töfluyfirlitsmynd	211
9.10	Töflutengimynd, einlínumynd	212
9.11	Dósir	214
9.12	Loft og vegglampar.....	215
9.13	Smáspennulagnir og smáspennubúnaður.....	216
9.14	Landbúnaður	217
9.15	Fjarskiptalagnir	219
10	Slökkvikerfi.....	221



10.1	Gátlistar hönnunarstjóra	221
10.2	Yfirlýsing um samræmingu uppdráttar með áritun hönnunarstjóra	222
10.3	Frágangur og framsetning hönnunargagna	223
10.4	Greinargerð hönnuðar, forsendur og helstu niðurstöður vegna slökkvilagna	224
10.5	Vatnsúðakerfi og þokukerfi	225
10.6	Slökkvikerfi í elhúsháfum	226
10.7	Önnur slökkvikerfi	227



Inngangur

Skoðanahandbækur Mannvirkjastofnunar vegna yfirferðar hönnunargagna, sbr. 3.6.1.gr. og viðauka II byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum, eru ávallt þannig fram settar að annarsvegar er um að ræða skoðunarlista sem skoðunarmaður beitir við framkvæmd yfirferðar og hinsvegar stoðrit Mannvirkjastofnunar vegna viðkomandi yfirferðar.

Stoðritinu er ætlað það hlutverk að veita ítarlegri upplýsingar um framkvæmd yfirferðar en fram kemur í skoðunarlistanum og leiðbeina um túlkun hans. Jafnframt er í stoðritum vísað til ákvæða laga og reglugerða sem geta átt við vegna einstakra skoðaðra þátta.

Það stoðrit vegna skoðunarlista yfirferðar hönnunargagna sem hér er birt er hluti skoðunarhandbókar Mannvirkjastofnunar.

Skoðunarmönnum sem vinna að yfirferð hönnunargagna, ber að starfa í samræmi við ákvæði þessa stoðrits.

Þegar vísað er til aðaluppdráttar er átt við skilgreiningu 4.2.2. gr. byggingarreglugerðar.

Verklag við framkvæmd yfirferð hönnunargagna samkvæmt viðauka II byggingarreglugerðar 2.2. gr. Verklag við yfirferð hönnunargagna:

„Tilgangur skoðunar er að fara yfir hvort mannvirki sé hannað í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir, lög um mannvirki, byggingarreglugerð og ákvæði annarra reglna sem um hönnunina gilda og tilgreindar eru í skoðunarlista.

Skoðun hönnunargagna er sjónskoðun. Skoðunarmaður kannar afhent gögn og metur hvort þau ákvæði laga og reglugerða og staðla sem vísað er til í skoðunarlista eigi við í viðkomandi verki og hvort umrætt ákvæði sé uppfyllt. Við mat á einstökum þáttum styðst skoðunarmaður við byggingarreglugerð, leiðbeiningar og stoðrit Mannvirkjastofnunar.

Yfirferð hönnunargagna er fólgin í yfirferð uppdráttar, greinargerða og annarra fylgiskjala. Skoðunarmaður fer fyrst yfir uppdrætti og ef skoðaður þáttur er ekki á uppdrætti er kannað hvort gerð sé grein fyrir honum í byggingarlýsingu, greinargerð eða öðrum fylgiskjölum.

Skoðunarmanni er hvorki ætlað að endurreikna né endurhanna verk. Honum er hins vegar ætlað að meta á grundvelli skoðunarhandbókar, hvort hönnunargögn séu unnin og þannig framsett að þau uppfylli ákvæði samanburðarskjala.“



1 Aðaluppdrættir

Grunnupplýsingar og frágangur aðaluppdráttanna

1.1 Gátlistar hönnunarstjóra

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- gátlistar vegna innra eftirlits hönnuðar um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, hafi verið lagðir fram eða önnur staðfesting á eigin yfirferð

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir málsetningar á aðaluppdrætti og athugar hvort:

- I Gátlistar eða önnur staðfesting vegna innra eftirlits hönnuðar um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla hafi verið lagðir fram

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.1.2. gr. byggingarreglugerðar

Tilgangur:

Fá staðfestingu á að innra efirlit hönnuða hafi farið fram



1.2 Málsetning uppdrátta

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- málsetning sé þannig að hægt sé að reikna út flatarmál eða rúmmál
- hæðarkótar séu á hverri hæð og á efsta punkti þakvirkis
- hæðarkótar á uppdrætti séu í samræmi við hæða- og mæliblöð
- hámarksbyggingarmagn ofan- og neðanjarðar sé samkvæmt deiliskipulagi

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir málsetningar á aðaluppdrætti og athugar hvort:

- I vísað er til málsetningar í byggingarlýsingu, greinargerðum eða öðrum fylgigögnum

Skoðunarmaður skoðar hvort:

- II hæðarkótar séu á hverri hæð og á efsta punkti þakvirkis
- III hæðarkótar á uppdrætti séu í samræmi við hæða- og mæliblöð
- IV hámarksbyggingarmagn ofan- og neðanjarðar er í samræmi við deiliskipulag og deiliskipulagsskilmála

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.3.2. gr. byggingarreglugerðar, greinargerðir, deiliskipulag, deiliskipulagsskilmálar, hæða- og mæliblöð.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að unnt sé að flatarmáls- og rúmmálsreikna mannvirki. Skoðaður er liður III til að kanna hvort mannvirki er í samræmi við deiliskipulag og deiliskipulagsskilmála.



1.3 Sérstök mannvirki

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- fyrir orkufrek mannvirki sé gerð grein fyrir rafmagnsspennistöð og staðsetningu
- fyrir sérstök mannvirki sé gerð grein fyrir staðsetningu og orkunotkun

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

- I Skoðunarmaður athugar hvort fyrir liggi vottorð frá hlutaðeigandi rafmagnsveitu um að ekki sé þörf fyrir rafmagnsspennistöð á lóð eða í mannvirkinu eða hvaða kröfur um spennistöð rafmagnsveitan gerir (A).
- II Ef þörf er á rafmagnsspennistöð fyrir orkufrek mannvirki skal skoðunarmaður fara yfir, hvort á aðaluppdrætti, byggingarlýsingu eða í greinargerðum er gerð grein fyrir rafmagnsspennistöð og staðsetningu hennar (S).
- III Skoðunarmaður fer yfir fyrir sérstök mannvirki hvort á aðaluppdrætti, byggingarlýsingu og í greinargerðum er gerð grein fyrir staðsetningu og orkunotkun mannvirkisins (S).

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.3.7 gr. byggingarreglugerðar, deiliskipulag og deiliskipulagsskilmálar.

Tilgangur:

Kannaður er liður I til að geta skoðað lið II. Liður III er skoðaður svo að ákvæði byggingarreglugerðar séu uppfyllt.



1.4 Uppdráttur af breytingum

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- gerð sé grein fyrir breytingum á mannvirki í texta ásamt breytingadagsetningu
- skráningartafla með breytingum fylgi

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður athugar hvort:

- I gerð er grein fyrir breytingum á mannvirki í texta ásamt dagsetningu breytinga á aðaluppdrætti (S)
- II ný skráningartafla fylgi aðaluppdráttum þegar breyting á mannvirki felur í sér breytta stærð eða breytt eignarmörk (A)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.3.8 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja nothæfi, skráningu og að ákvæði byggingarreglugerðar eru uppfyllt.



Afstöðumynd aðaluppdráttar

1.5 Efni afstöðumyndar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Á uppdrætti komi fram:

- afstaða mannvirkis til annarra mannvirkja
- byggingarreitur
- bílastæði
- aðkoma sjúkra-, slökkvi- og sorpbíla
- bílastæði hreyfihamlaðra
- flatarmál lóðar og mannvirkis,
- nýtingarhlutfall
- hæðarkótar á lóðarmörkum
- kvaðir á lóð
- staðsetning sorplausna

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður skal fara yfir hvort á afstöðumynd aðaluppdráttar komi fram:

- I afstaða mannvirkis til annarra mannvirkja í 30 m fjarlægð
- II byggingarreitur skv. deiliskipulagi
- III bílastæði skv. deiliskipulagi
- IV aðkoma sjúkra-, slökkvi- og/eða sorpbíla
- V bílastæði hreyfihamlaðra
- VI flatarmál lóðar og mannvirkis
- VII nýtingarhlutfall
- VIII hæðarkótar á lóðarmörkum skv. hæðar- og mæliblöðum
- IX kvaðir á lóð skv. hæðar-, mæliblöðum og deiliskipulagi
- X staðsetning sorplausna

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 3., 4. og 7. mgr. 4.3.1 gr. byggingarreglugerðar, deiliskipulag og aðrir skilmálar

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - X til að tryggja nothæfi, skráningu og að ákvæði byggingarreglugerðar og deiliskipulags eru uppfyllt.



1.6 Staðsetning byggingar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- útskagandi byggingarhlutar við umferðarleiðir uppfylli ákvæði

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir afstöðumynd aðaluppdráttar og kannar hvort útskagandi byggingarhlutar við umferðarleiðir uppfylli ákvæði megin- og viðmiðunarreglna byggingarreglugerðar.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.2.1 gr. byggingarreglugerðar, leiðbeining byggingarreglugerðar nr. 6.2.1, deiliskipulag og deiliskipulagsskilmálar.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja öryggi.



1.7 Bílastæði hreyfihamlaðra

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- hindrunarlausa leið frá bílastæði að aðalinngangi
- fjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða
- sérmerkingu bílastæða fyrir hreyfihamlaða utan lóðar á þéttingarreitum
- samkomulag milli lóðarhafa og sveitastjórnar um afnotarétt á bílastæðum utan lóðar
- aðgengi að hleðslustöðvum fyrir rafbíla við bílastæði hreyfihamlaðra
- sérmerkingu bílastæða fyrir utan lóðar á þéttingarreitum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

- I umferðarleiðir frá bílastæðum hreyfihamlaðra að aðalinngangi bygginga er hindrunarlaus
- II fjöldi bílastæða hreyfihamlaðra uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar
- III gerð sé grein fyrir sérmerkingu bílastæða fyrir hreyfihamlaða utan lóðar á þéttingarreitum
- IV gerð sé grein fyrir samkomulagi á milli lóðarhafa og sveitarstjórnar um afnotarétt á bílastæðum utan lóðar
- V gerð sé grein fyrir aðgengi að hleðslustöðvum fyrir rafbíla við bílastæði hreyfihamlaðra

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2., 5., 6., 7., 8., 10., og 11. mgr. 6.2.4. gr., leiðbeiningar og deiliskipulag

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja aðgengi.



Grunnmyndir aðaluppdráttar

1.8 Efni grunnmyndar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Gerð sé grein fyrir:

- föstum innréttingum
- notkun og nettóflatarmáli hvers rýmis
- strikalínunum fyrir salarhæð 1,80 m
- hvaða stök rými eða sérgeymslur fylgja hverri íbúð

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum hvort:

- I gerð er grein fyrir föstum innréttingum
- II notkun og nettóflatarmál er ritað á hvert herbergi
- III strikalína er sýnd fyrir salarhæð 1,80 m
- IV sýnt er hvaða stök rými og/eða sérgeymslur fylgja hverri íbúð

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2. og 6. mgr. 4.3.1 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja að ákvæði byggingarreglugerðar séu uppfyllt.

Liðir II - IV eru nauðsynlegir á uppdráttum svo hægt sé að gera skráningartöflu.



1.9 Brunavarnir

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- niðurstöður brunahönnunar komi fram
- brunavarnir séu færðar inn á aðaluppdrætti ef ekki þá hvort það séu til staðar sérstakir brunavarnaruppdrættir
- greint sé frá skiptingu mannvirkis í brunahólf
- greint sé frá brunamótstöðu aðalburðarvirkja
- flóttaleiðir komi fram þ.m.t. hvort björgunarop, neyðarlýsing eða brunavarnarbúnaður sé til staðar
- vottorð liggi fyrir frá hlutaðeigandi vatnsveitu um að nægt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi þar sem vatnsþörf slökkvikerfis mannvirkis er mikil
- staðsetning slökkvitanks sé sýnd
- getið sé um öflun slökkvivatns á uppdrætti

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður kannar hvort:

- I niðurstöður brunahönnunar komi fram á aðaluppdrætti (S)
- II brunavarnir eru færðar inn á aðaluppdrætti. Ef svo er ekki skal kannað hvort vísað er á aðaluppdráttum í sérstaka brunavarnaruppdrætti (S)
- III greint er frá skiptingu mannvirkis í brunahólf (S)
- IV greint er frá brunamótstöðu aðalburðarvirkja (S)
- V flóttaleiðir þ.m.t. hvort björgunarop, neyðarlýsing eða brunavarnarbúnaður eru til staðar (S)
- VI fyrir liggi vottorð hlutaðeigandi vatnsveitu um að nægt vatn og vatnsþrýstingur er fyrir hendi þar sem vatnsþörf slökkvikerfis mannvirkis er mikil (A)
- VII ef ekki er hægt að fullnægja þörfinni skal kanna hvort komi fram á aðaluppdrætti staðsetning sérstaks vatnstanks fyrir slökkvivatn (S)
- VIII komi fram á aðaluppdrætti þegar fyrirsjáanlegir eru erfiðleikar vegna vatnsöflunar slökkviliðs (S)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.3.3 gr. byggingarreglugerðar.



Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VIII til að tryggja öryggi.



1.10 Loftræsing

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði séu uppfyllt, um að sýna skuli loftræsinguna lokaðra rýma og byggingarinnar í heild
- op í veggjum og hæðarskilum komi fram á grunnmyndum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

- I á aðaluppdráttum er gerð grein fyrir loftræsinguna lokaðra rýma og byggingarinnar í heild
- II op í veggjum og hæðarskilum komi fram á grunnmyndum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.3.4. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja öryggi og heilsu.



1.11 Votrymi

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði séu uppfyllt um að sýna skuli gólfniðurföll í votrymum
- op í veggjum og hæðarskilum komi fram á grunnmyndum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

- I á aðaluppdráttum er gerð grein fyrir gólfniðurföllum í votrymum
- II fram komi á grunnmyndum op í veggjum og hæðaskilum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.3.5. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja öryggi og heilsu.



1.12 Inngangs-/ útidyr og svala-/ garðdyr

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- breiddir og hæðir inngangs-/ útidyra og svala-/ garðdyra
- stærðir láréttra flata utan við innganga
- stærð hliðarrýma við dyr

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar:

- I hindrunarlaus umferðarbreidd og -hæð inngangs-/ útidyra og svala-/ garðdyra sem ritaðar eru á aðaluppdrætti og/eða eru tilgreindar í greinargerð um aðgengi
- II skoðunarmaður fer yfir aðaluppdrætti og greinargerð um aðgengi, þegar mannvirki er hannað á grundvelli algildrar hönnunar hvort utan við aðalinnganginn er láréttur flötur
- III einnig á sama hátt hvort hliðarrými við inngangs-/ útidyr og svala-/ garðdyr

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.2 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar byggingarreglugerðar nr. 6.4.2.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - III til að tryggja aðgengi.



1.13 Dyr innanhúss

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um hindrunarlausar umferðarbreiddir og hæðir innihurða, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á aðaluppdráttum og greinargerð um aðgengi, hvort uppfyllt eru ákvæði um:

- I hindrunarlausar umferðarbreiddir innihurða
- II hindrunarlausar umferðarhæðir innihurða

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.3 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar byggingarreglugerðar nr. 6.4.3.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja aðgengi.



1.14 Gangar og anddyri

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Uppfyllt séu ákvæði meginreglna um:

- breidd ganga
- hindrunarlausan flöt utan við dyr
- athafnasvæði fyrir framan innidyr
- anddyri innan íbúða sé með hindrunarlausu athafnasvæði

og viðmiðunarreglna um:

- breidd gönguleiða þar sem mikil umferð er
- mætingarsvæði hjólastóla á göngum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á aðaluppdráttum og greinargerð um aðgengi hvort uppfyllt eru ákvæði meginreglna um:

- I lágmarks breidd ganga innan íbúðar
- II lágmarksbreidd ganga og svalaganga í íbúðum hönnuðum á grundvelli algildrar hönnunar
- III að í byggingum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar sé hindrunarlaus flötur minnst 1,50 m x 1,50 m og 1,80 m x 1,80 m utan við hurðir, þar sem umferð er mikil
- IV athafnasvæði fyrir hjólastól framan við hurðir innan íbúðar
- V athafnasvæði fyrir hjólastól í anddyri

Skoðunarmaður fer yfir á aðaluppdráttum og greinargerð um aðgengi hvort uppfyllt eru ákvæði viðmiðunarreglna um:

- VI breidd gönguleiða þar sem mikil umferð er
- VII mætingarsvæði hjólastóla á umferðarleiðum og göngum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.4 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.4.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VII til að tryggja aðgengi.



1.15 Jöfnun hæðarmunar og algild hönnun

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um jöfnun hæðarmunar eða viðeigandi lyftubúnað, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir uppdrætti og greinargerð um aðgengi, hvort í byggingum sem gerð er krafa um algilda hönnun sé hæðarmunur í umferðaleiðum jafnaður með:

- I skábraut
- II viðeigandi lyftubúnaði

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.5 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja aðgengi.



1.16 Stigapallar/hvíldarpallar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um stærðir og fjölda stigapalla/hvíldarpalla, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdrætti hvort ákvæði eru uppfyllt um:

I stærðir stiga-/hvíldarpalla

II fjölda stiga-/hvíldarpalla

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1., 2., 3. og 5. mgr. 6.4.7 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.7.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja öryggi.



1.17 Stigar og tröppur - breidd og lofthæð

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um breidd stiga og útitrappa, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði eru uppfyllt um:

I breidd stiga

II breidd útitrappa

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2., 3. og 5. mgr. 6.4.8 gr. og leiðbeiningar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja öryggi.



1.18 Skábrautir og hæðarmunur

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- halla
- láréttan flöt við báða enda
- hvíldarpalla
- snúningsflöt við stefnubreytingu
- breidd

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerð um aðgengi, hvort ákvæði í viðmiðunarreglum eru uppfyllt um:

- I halla skábrautar
- II lárétta fleti við báða enda skábrautar
- III hvíldarpalla skábrautar
- IV snúningsflöt á skábrautum með stefnubreytingu
- V breidd skábrautar

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði viðmiðunarreglna í 2. mgr. 6.4.11. gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - V til að tryggja aðgengi og öryggi.



1.19 Lyftur og lyftupallar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði í meginreglum séu uppfyllt um:

- stærð lyftu
- stærð dyraopa lyftu
- lyftuskyldu
- fjölda lyfta
- að lyftur þjóni hverri hæð

Ákvæði í viðmiðunarreglum séu uppfyllt um:

- hvar lyfta staðnæmist
- að hindrunarlaust athafnasvæði fyrir hjólastóla og sjúkraflutninga sé fyrir framan lyftu

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerð um aðgengi, hvort ákvæði í meginreglum eru uppfyllt um:

- I stærð lyftu
- II stærð dyraopa lyftu
- III lyftuskyldu í viðkomandi gerð mannvirkis
- IV fjölda lyfta
- V hvort lyftur þjóni hverri hæð

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppfyllt eru ákvæði í viðmiðunarreglum um:

- VI hvar lyfta staðnæmist
- VII að hindrunarlaust athafnasvæði fyrir hjólastóla og sjúkraflutninga er framan við lyftu

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.12 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar byggingarreglugerðar nr. 6.4.12.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VII til að tryggja aðgengi.



1.20 Handlistar, handrið

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- handlista beggja vegna stiga og skábrauta
- handrið sé á svölum
- handrið sé á stigum
- handrið sé á tröppum
- handrið sé á pöllum
- handrið sé á annars staðar þar sem hættu er á falli
- frágang handriða
- hæð handriða

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerð um aðgengi, hvort ákvæði eru uppfyllt um:

- I handlista beggja vegna stiga og skábrauta
- II handrið á svölum
- III handrið á stigum
- IV handrið á tröppum
- V handrið á pöllum
- VI handrið annars staðar þar sem hættu er á falli
- VII frágang handriða
- VIII hæð handriða

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. 6.5.1 gr., 6.5.3 gr. og 6.5.4 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar nr. 6.5.1., 6.5.3. og 6.5.4.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VI til að tryggja öryggi og aðgengi.



1.21 Almennar kröfur til íbúða

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um stærðir rýma og það sem skal tilheyra íbúð, séu uppfyllt
- tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla sé við hvert bílastæði

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort eftirfarandi ákvæði séu uppfyllt á uppdráttum og í öðrum gögnum um stærðir rýma og það sem skal tilheyra íbúð:

- I lágmarkskröfur íbúðar
- II rýmisstærðir þ.e. hvort rými séu fullnægjandi að stærð miðað við áætlaðan fjölda íbúa
- III handlaugar þar sem salerni er
- IV aðkoma að baðherbergi eða snyrtingu íbúðar sé um svefnherbergi þar sem ekkert annað baðherbergi eða snyrting er í íbúðinni
- V aðkoma að öðrum rýmum en þvottahúsi sé um baðherbergi/snyrtingu
- VI anddyri eða inngangshurð
- VII opnanlega glugga í íbúðarherbergjum
- VIII herbergjaskipan, (íbúðarherbergi íbúðar skulu ekki vera hvert inn af öðru)
- IX íbúð tilheyri geymslurými og þvottaherbergi í sér- eða sameign
- X sérgeymsla sé sameiginleg þvottahúsi
- XI íbúð fylgir geymsla fyrir barnavagna, reiðhjól o.þ.h.
- XII aðgengi að geymslu fyrir barnavagna sé um bílageymslu
- XIII umferðarleið að reiðhjólageymslu um bílageymslu sé aðskilin bílaumferð
- XIV það séu eingöngu þakgluggar í íbúð
- XV gerð sé grein fyrir reykskynjurum og slökkvitækjum
- XVI tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla sé til staðar við hvert bílastæði

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.7.1 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.7.1.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - XV til að tryggja öryggi, heilsu og að ákvæði byggingarreglugerðar séu uppfyllt.



1.22 Íbúðir hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- hindrunarlaust athafnarými í svefnherbergi, stofu, þvottherbergi og eldhúsi
- hindrunarlaus umferðarleið að opnanlegum gluggum í íbúðarherbergjum
- að tryggt sé aðgengi að geymslum
- að tryggt sé aðgengi að baðherbergi

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerð um aðgengi, hvort eftirfarandi ákvæði eru uppfyllt, í íbúðum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar:

- I hindrunarlaust athafnarými í svefnherbergi
- II hindrunarlaust athafnarými í stofu
- III hindrunarlaust athafnarými í þvottaherbergi
- IV hindrunarlaust athafnarými í eldhúsi
- V hindrunarlaus umferðarleið að opnanlegum gluggum í íbúðarherbergjum
- VI að tryggt sé aðgengi að geymslum
- VII að tryggt er aðgengi að baðherbergjum
- VIII hindrunarlaust athafnarými í baðherbergi
- IX hindrunarlaust svæði við salerni
- X þreplaust sturtusvæði
- XI gerð sé grein fyrir gerð og frágangi veggja við sturtu og salernissvæði
- XII hurð opnast út í geymslum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.7.3 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.7.3.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VII til að tryggja aðgengi.



1.23 Íbúðir og íbúðarherbergi í kjallara og á jarðhæð

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um íbúðir og íbúðarherbergi í kjallara og jarðhæð, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum, hvort ákvæði um íbúðir og íbúðarherbergi í kjallara séu uppfyllt hvað varðar:

- I að ein hlið íbúðar sé ekki niðurgrafin
- II að óniðurgrafin hlið snúi á mótí suðri, suðvestri eða vestri
- III að óniðurgrafin hlið sé a.m.k. 25% af lengd þeirra veggflata afmarka íbúðina
- IV hve hátt frágenginn jarðvegur fer upp á útveggi
- V fjarlægð gluggahliðar frá akbraut

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. og 2. mgr. 6.7.4 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.7.4.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja hollustu.



1.24 Almennt (Byggingar til annarra nota en íbúðar)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- gerð sé grein fyrir fjölda bílastæða þar sem hleðsla rafbíla sé möguleg
- lágmarksfjöldi bílastæða þar sem hleðsla rafbíla sé möguleg sé skv. Töflu 6.05
- tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla sé við öll bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum hvort uppfyllt séu ákvæði um fjölda bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg og hvort tengibúnaður fyrir hleðslu sé við öll bílastæði hreyfihamlaðra. Hvort:

- I gerð grein sé fyrir fjölda bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg
- II fjöldi bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg sé skv. töflu 6.05.
- III tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla sé við öll bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.8.1 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.8.1.



1.25 Algild hönnun snyrtinga og baðherbergja (í byggingum til annarra nota en íbúðar)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um snyrtingar og baðherbergi fyrir hreyfihamlaða í byggingum til annarra nota en íbúðar, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort uppfyllt eru ákvæði um snyrtingar og baðherbergi í byggingum til annarra nota en íbúðar og hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar hvað varðar:

- I fjölda
- II snyrtingu fyrir hreyfihamlaða á hverri hæð
- III hindrunarlaust snúningssvæði
- IV 0,90 m hliðarsvæði beggja vegna salernis
- V stærð sturtusvæðis
- VI þreplaust sturtusvæði

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.8.3 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.8.3.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VI til að tryggja aðgengi og hollustu.



1.26 Fjöldi og gerð snyrtinga (í byggingum til annarra nota en íbúðar)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um fjölda og gerð snyrtinga í byggingum til annarra nota en íbúðar, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun .

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum, hvort eftirfarandi ákvæði í byggingum til annarra nota en íbúðar séu uppfyllt:

I fjölda snyrtinga

II að gerð sé grein fyrir frávikum frá töflu 6.06 í 6.8.4 gr. byggingarreglugerðar

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. og 2. mgr. 6.8.4 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Liðir I - II eru skoðaðir til að tryggja að snyrtingar séu í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.



1.27 Búningsherbergi og baðaðstaða á vinnustöðum

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um búningsherbergi og baðaðstöðu á vinnustað og hindrunarlaust athafnarými, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum, hvort ákvæði eru uppfyllt um vinnustaði sem hannaðir eru á grundvelli algildrar hönnunar hvað varðar:

- I hindrunarlaust athafnarými í búningsherbergjum og baðaðstöðu
- II baðaðstaða og búningsherbergi séu fyrir hendi

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4. mgr. 6.8.6 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja heilsu og aðgengi.



1.28 Samkomuhús

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um hlutfall hjólastóla af sætafjölda, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort hlutfall hjólastóla af áhorfendasætafjölda er skv. ákvæðum.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 3. mgr. 6.9.1 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja aðgengi.



1.29 Skólar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um skóla og leikskóla séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir uppdrætti og greinargerðir hvort ákvæði um skóla og leikskóla eru uppfyllt hvað varðar:

- I stærð leikrýma fyrir hvert barn í leikskóla
- II rými fyrir hvern nemanda í hefðbundinni skólastofu
- III hvort gerð er grein fyrir læsanlegum skápum fyrir lyf og hættuleg efni

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.9.3 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - III til að tryggja heilsu og öryggi.



1.30 Gistiherbergi sem ætluð eru hreyfihömluðum

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um gisti- og baðherbergi sem ætluð eru hreyfihömluðum, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði um gistiherbergi sem ætluð eru hreyfihömluðum eru uppfyllt, hvað varðar:

- I hindrunarlaust umferðarmál dyra
- II hvort baðherbergi uppfylli kröfur um aðgengi fyrir hreyfihamlaða
- III hvort hindrunarlaust athafnarými sé innan herbergis

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4. mgr. 6.10.1 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - III til að tryggja aðgengi.



1.31 Sjúkrahús, dvalar-, hjúkrunar-, hvíldar-, hressingarheimili

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um ganga, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði um ganga eru uppfyllt:

I breidd ganga

II breidd ganga framan við hverjar dyr

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.10.2 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.10.2.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja aðgengi og öryggi.



1.32 Hótel, gistiheimili og gistiskálar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- glugga á útvegg
- fjölda gistiherbergja sem innréttuð eru fyrir hreyfihamlaða

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði eru uppfyllt um:

- I glugga á útvegg
- II fjölda gistiherbergja sem innréttuð eru fyrir hreyfihamlaða

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.10.3 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja heilsu og aðgengi.



1.33 Íbúðir og heimavistir fyrir námsmenn (stúdentagarðar)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- fjölda íbúða/herbergja sem innréttuð eru fyrir hreyfihamlaða
- snyrtingar
- baðherbergi
- mataraðstöðu
- geymslurými

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum, hvort ákvæði eru uppfyllt um:

- I fjölda íbúða/herbergja sem innréttuð eru fyrir hreyfihamlaða
- II snyrtingar fyrir hreyfihamlaða í stigahúsi þegar eitt eða fleiri herbergi/íbúð uppfylla ekki kröfur um baðherbergi fyrir hreyfihamlaða
- III snyrting í stigahúsi með aðgengi beggja vegna salernis
- IV hvort íbúðir fyrir námsmenn uppfylli kröfur um almennar íbúðir
- V hvort einstaklingsherbergi námsmanna á heimavist sé með baðherbergi
- VI hvort einstaklingsherbergi námsmanna á heimavist fylgi geymslurými í sameign
- VII hvort einstaklingsherbergi námsmanna á heimavist fylgi sameiginlegt þvottahús
- VIII hvort einstaklingsherbergi námsmanna á heimavist fylgi sameiginleg hjólageymsla
- IX hvort einstaklingsherbergi námsmanna á heimavist sé með sameiginlegt eldhús þar sem ekki er mötuneyti
- X hvort réttur fjöldi einstaklingsherbergja sé um sameiginlegt eldhús þar sem ekki er mötuneyti

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.10.4 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.10.4.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IX til að tryggja heilsu og aðgengi.



1.34 Frístundarhús til útleigu

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- fjölda frístundahúsa hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar
- aðkomuleiðir
- baðherbergi
- baðaðstöðu
- hindrunarlaust athafnarrými
- umferðarleiðir

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum hvort ákvæði eru uppfyllt um:

- I fjölda frístundahúsa til útleigu hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar
- II aðkomuleiðir
- III hvort baðherbergi uppfylli kröfur um aðgengi fyrir hreyfihamlaða
- IV hvort staðsetning tækja í baðherbergi er skv. leiðbeiningum eða hvort hún er rökstudd í greinargerð
- V hindrunarlaust athafnarrými í einu herbergi, stofu og eldhúsi
- VI hvort umferðarleiðir henti fyrir hreyfihamlaða

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.2 kafla, 4. og 5. mgr. 6.11.1 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.11.1.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VI til að tryggja aðgengi.



1.35 Bílageymslur

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- loftræsingu hættulegra og sprengifimra loftegunda
- niðurföll
- umferðarleiðir að og frá bílageymslu séu hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum hvort ákvæði eru uppfyllt um:

- I bílageymslur varðandi loftræsingu hættulegra og sprengifimra loftegunda
- II að niðurföll í gólfi séu tilgreind
- III að umferðarleiðir að og frá bílageymslu séu hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.11.5 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.11.5.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - III til að tryggja öryggi, heilsu og aðgengi.



1.36 Sérstök mannvirki

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði séu uppfyllt um að sérstök mannvirki og aðkoma að þeim séu hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði eru uppfyllt um sérstök mannvirki og aðkomu að þeim séu hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.11.6 gr. byggingarreglugerðar, leiðbeiningar nr. 6.11.6 og skipulagsskilmálar.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja aðgengi.



1.37 Þjónustukjarnar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- byggingar, skýli, upplýsingatöflur, áningarstaði séu hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar
- aðkomur að þeim séu hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði eru uppfyllt um:

- I að byggingar, skýli, upplýsingatöflur og áningarstaðir séu hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar eða gerð grein fyrir frávikum
- II aðkomur að áningarstöðum, byggingum þeirra, skýlum, upplýsingatöflum séu hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar eða gerð grein fyrir frávikum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.11.7 gr. byggingarreglugerðar, leiðbeiningar hennar nr. 6.11.7 og skipulagsskilmálar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja aðgengi.



1.38 Starfsmannabúðir

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Gerð sé grein fyrir og ákvæði séu uppfyllt um:

- breidd ganga
- svæði fyrir framan hurðir
- snyrtingar fyrir hreyfihamlaða í sameiginlegum rýmum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði um herbergi er henta hreyfi-hömluðum séu uppfyllt, er varðar:

- I breidd ganga
- II svæði framan við hurðir
- III hvort snyrtingar fyrir hreyfihamlaða eru í sameiginlegum rýmum
- IV hvort snyrtingar fyrir hreyfihamlaða í sameiginlegum rýmum séu með 0,90 m hindrunarlausum hliðarrýmum beggja vegna salernis

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.11.8 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.11.8.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IV til að tryggja aðgengi.



1.39 Tæknirými

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um hurðir í dyrum tæknirýma, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort hurðir í dyrum tæknirýma opnast í flóttátt.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 5. mgr. 6.12.1 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja öryggi.



1.40 Inntaksrými

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um inntaksrými, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort uppfyllt eru ákvæði um:

I að inntaksrými í fjöleignarhúsi sé í sameign

II að það sé niðurfall í gólfi inntaksrýmis fyrir heitt og kalt vatn

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. og 2. mgr. 6.12.2 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja öryggi og hollustu.



1.41 Klefar fyrir loftræsistöki

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um gólfniðurföll, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort uppfyllt séu ákvæði um gólfniðurföll.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 3. mgr. 6.12.3 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja öryggi og hollustu.



1.42 Töfluherbergi

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um töfluherbergi, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði eru uppfyllt um:

I að töfluherbergi sé loftræst

II að nægjanlegt rými sé til umferðar og flóttar þegar hurðir á töfluskápum standa opnar

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.12.4 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja öryggi og heilsu.



1.43 Ræstiklefar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði um ræstiklefa séu uppfyllt um:

- loftræsing
- gólfniðuföll
- ræstivask
- ræstiklefa í hverjum eignarhluta og hæð
- hurðir í dyrum
- kröfur til votrýma

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði séu uppfyllt um:

- I loftræsing
- II gólfniðurföll
- III ræstivaska
- IV ræstiklefa fyrir hvern eignarhluta eða hæð byggingar þar sem ekki er greiður aðgangur að lyftu
- V að hurðir í dyrum ræstiklefa opnast út
- VI kröfur til votrýma í byggingarreglugerð

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.12.5 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

skoðaðir eru liðir I - VI til að tryggja öryggi og heilsu.



1.44 Sorpgeymslur og sorpflokkun

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- sorplausnir utan lóðar
- að fjöldi og gerð sorpíláta fari eftir kröfum viðkomandi sveitarfélags
- staðsetningu sorpgáma
- sorprennur

Úttektaraðferð:

Sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði eru uppfyllt um:

- I sorplausnir utan lóðar með samþykki leyfisveitanda (A)
- II fjölda og gerð sorpíláta eftir kröfum viðkomandi sveitafélags (S) og (A)
- III að staðsetning sorpgáma sé sýnd á uppdráttum (S)
- IV sorprennur (S)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.12.6 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.12.6.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IV til að tryggja heilsu.



1.45 Innbyggðar sorpgeymslur og sorpgeymslur byggðar í tengslum við byggingar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- innbyggðar sorpgeymslur
- sorpgeymslur byggðar í tengslum við byggingar

Úttektaraðferð:

Sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði séu uppfyllt um:

- I að dyr opnast út á innbyggðum sorpgeymslum og á sorpgeymslum byggðum í tengslum við byggingar (S)
- II að inngangur í innbyggða sorpgeymslu og í sorpgeymslu byggða í tengslum við byggingu sé utan frá (S)
- III hæð og breidd hurðarblaðs (S)
- IV lofthæð (S)
- V hversu mikið niðurgrafinn inngangur er (S)
- VI halli á aðkomu niðurgrafinnar sorpgeymslu (S)
- VII að gert sé ráð fyrir skolkрана (S)
- VIII gólfniðurföll (S)
- IX loftræsingu lokaðra sorpgeymsla (S)

Skoðunarmaður athugar hvort sveitarfélagið geri frekari kröfur um rýmisstærð og stærð íláta (A).

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.12.7 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IX til að tryggja öryggi og heilsu.



1.46 Sorpgerði/sorpskýli

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um sorpgerði/sorpskýli séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði eru uppfyllt um sorpgerði/ -skýli, um:

- I fjarlægð frá inngangi byggingar
- II niðurföll í sorpgerðum/ -skýlum stærri en 6,0 m²
- III hvort það sé gert ráð fyrir vatnskрана og -slöngu
- IV hvort sorpgerði/ -skýli sé niðurgrafið

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.12.8 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IV til að tryggja aðgengi, öryggi og heilsu.



1.47 Flóttaleiðir

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um að allir skuli geta bjargað sér út af eigin rammleik eða fyrir tilstilli annarra á tilgreindum flóttatíma, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort ákvæði eru uppfyllt um:

- að flóttaleiðir séu þannig skipulagðar og frágengnar að allir geti bjargast út af eigin rammleik eða fyrir tilstilli annarra á tilgreindum flóttatíma
- stærð svara

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 9.5.1 gr., 9.5.3, gr. og 9.5.9 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 9.5.3 og 9.5.9.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I – II til að tryggja öryggi.



1.48 Björgunarop

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði í meginreglum um að ekki megi nota björgunarop sem aðra flóttaleið í mannvirkjum sem krafist er algildrar hönnunar, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og í greinargerðum hvort ákvæði í meginreglum séu uppfyllt, um að ekki megi nota björgunarop sem aðra flóttaleið í mannvirkjum sem krafist er algildrar hönnunar.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. mgr. 9.5.5 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 9.5.5.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja aðgengi og öryggi



1.49 Fólksfjöldi (rýming við eldsvoða)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- að reiknað sé með að 1% þeirra sem í rými eru séu hreyfihamlaðir, þó aldrei færri en einn maður
- gert skal ráð fyrir skilti um hámarksfjölda fólks í anddyri/forsal

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum, hvort:

- I ákvæði í viðmiðunarreglum séu uppfyllt um hlutfall hreyfihamlaðra í rými
- II í anddyri er gert ráð fyrir skilti um hámarksfjölda fólks sbr. ákvæði í meginreglum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 9.5.7 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 9.5.7.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja aðgengi og öryggi



1.50 Öruggt svæði

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- að allir hafi aðgengi að tveimur óháðum öruggum svæðum í byggingum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar
- að hlutfallsprósenta gesta í byggingu í notkunarflokki 2 sem þurfa að nýta örugg svæði

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort uppfyllt eru ákvæði um:

- I aðgengi að tveimur óháðum öruggum svæðum
- II að örugg svæði séu á hverri hæð og nægjanlega stór
- III að örugg svæði séu í sérstöku brunahólfi með fullnægjandi flóttaleiðum, t.d. stigahúsi eða svölum
- IV hlutfallsprósentu (1%) gesta sem nýta þurfa örugg svæði í byggingum í notkunarflokki 2 og hvort örugg svæði rúmi þann fjölda

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 9.5.10 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 9.5.10.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IV til að tryggja aðgengi og öryggi.



Útlit og landhæðir – Sneiðingar aðaluppdráttá

1.51 Efni útlitsuppdráttá

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- útlit að aðlægum húsašliðum í samfelldri húsaröð séu sýnd

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum hvort uppfyllt eru ákvæði um að á aðaluppdráttum skuli sýna aðlæggar húsašliðar að húsi í samfelldri húsaröð.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2. mgr. 4.3.1. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja að ákvæði byggingarreglugerðar séu uppfyllt.



1.52 Sneiðingar og landhæðir

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Gerð sé grein fyrir og ákvæði séu uppfyllt um:

- mismunandi sneiðingar húss og lóðar
- samræmi við kröfur um hæðarsetningu, hæðafjölda og hámarkshæð skv. skipulagi
- strikálína sem afmarkar salarhæð 1,80 m sé á uppdráttum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum, deiliskipulagi og í greinargerðum, hvort uppfyllt eru ákvæði um:

- I mismunandi sneiðingar húss og lóðar
- II að gerð er grein fyrir samræmi við kröfur skv. skipulagi um hæðarsetningu, hæðafjölda og hámarkshæð
- III hvort salarhæð 1,80 m sé sýnd á sneiðingum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. 4.3.1 gr. byggingarreglugerðar, deiliskipulag og -skilmálar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - III til að tryggja nothæfi og að ákvæði byggingarreglu-gerðar séu uppfyllt.



1.53 Inngangs-/ útidyr og svala-/ garðdyr

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um hæðir inngangs-/ útidyra og svala-/ garðdyra, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum, hvort uppfyllt séu ákvæði um hæðir inngangs-/útidyra og svala-/garðdyra.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2. og 3. mgr. liður d 6.4.2 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar nr. 6.4.2.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja aðgengi.



1.54 Dyr innanhúss

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um hæð innihurða, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum, hvort uppfyllt séu ákvæði um hæðir innihurða.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2. mgr. 6.4.3 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar nr. 6.4.3.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja aðgengi.



1.55 Lofthæð og birtuskilyrði (íbúðarhúsnæðis)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði séu uppfyllt um lofthæðir og birtuskilyrði

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og í greinargerðum, hvort uppfyllt eru ákvæði um:

- I lofthæðir íbúðarherbergja og eldhúss
- II lofthæð 2,50 m í a.m.k. 2/3 hluta íbúðarherbergis
- III meðalhæð íbúðarherbergis
- IV meðalhæð þak- og kvistherbergja
- V lofthæð 2,50 m í a.m.k. 1/3 hluta þak- og kvistherbergja
- VI birtuskilyrði (samanlagt ljósop glugga íbúðarherbergis)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.7.2. gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VI til að tryggja heilsu.



Lóð á grunnmyndum jarðhæða aðaluppdráttá

1.56 Lóðaruppdráttur á grunnmyndum jarðhæða

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um að á grunnmynd jarðhæðar sé gerð grein fyrir:

- hæðarlegu lóðar
- leiksvæði barna
- gróðri
- fjölda bílastæða
- fólks- og vöruaðkomu að húsi og lóð
- gámastæðum
- aðkomu sjúkra-, slökkvi- og sorphreinsunarbíla
- stærð bílastæða hreyfihamlaðra
- bílastæðum hreyfihamlaðra
- ákvæði í deiliskipulagi séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdrætti og greinargerðum, hvort uppfyllt séu ákvæði um að á grunnmynd jarðhæðar er gerð grein fyrir:

- I hæðarlegu lóðar gagnvart götu og lóðum sem að henni liggja
- II leiksvæði barna
- III gróðri
- IV fjölda bílastæða og aðkomu þeirra skv. deiliskipulagi og -skilmálum
- V fólks- og vöruaðkomu að húsi og lóð,
- VI gámastæðum,
- VII aðkomu sjúkra-, slökkvi- og sorphreinsunarbíla
- VIII stærð bílastæða hreyfihamlaðra
- IX bílastæðum hreyfihamlaðra
- X hvort ákvæði deiliskipulags séu uppfyllt

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2., 3. og 8. mgr. 4.3.1. gr. byggingarreglugerðar, deiliskipulag og -skilmálar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VII til að tryggja aðgengi og öryggi.



1.57 Aðkomuleiðir og umferðarsvæði innan lóðar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði séu uppfyllt um aðkomuleiðir að byggingum og umferðarsvæðum innan lóðar

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum, hvort uppfyllt eru ákvæði um aðkomuleiðir og umferðarsvæði innan lóðar, er varðar:

- I aðkoma að lóð er skýrt afmörkuð
- II þreplausar gönguleiðir að inngangi
- III yfirborðsmerkingar á gangbraut yfir akbrautir
- IV að bílastæði, stæði fyrir reiðhjól og önnur faratæki séu skv. deiliskipulagi

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.2.2. gr., byggingarreglugerðar, leiðbeiningar hennar nr. 6.2.2, deiliskipulag og skilmálar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IV til að tryggja aðgengi og öryggi.



1.58 Algild hönnun aðkomu að byggingum

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um gönguleiðir að byggingum, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum, hvort uppfyllt eru ákvæði um gönguleiðir að byggingum, er varðar:

- I lárétta hvíldarfleti á hallandi gönguleiðum
- II breidd gönguleiða að byggingum
- III flöt fyrir hjólastóla við enda gönguleiðar sem er 1,30 m breidd og styttri en 5m

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. mgr. liðir g og h 6.2.3 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.2.3.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I-III til að tryggja aðgengi.



1.59 Algild hönnun (útsvæði við mannvirki)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um hvaða útsvæði skuli byggja á grundvelli algildrar hönnunar, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum, hvort uppfyllt séu ákvæði um hvaða útsvæði skuli byggja á grundvelli algildrar hönnunar.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði a-i liður 7.1.2. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja aðgengi.



1.60 Dvalar- og leiksvæði (útisvæði við mannvirki)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um dvalar- og leiksvæði séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og greinargerðum, hvort uppfyllt eru ákvæði um dvalar og leiksvæði sem varða eftirfarandi:

- I stærð dvalar- og leiksvæða rökstudd með tilliti til áætlaðs fjölda
- II hvort leiksvæði séu afgirt frá umferð
- III fallhættu á leiksvæðum
- IV hvort hindrunarlaust svæði sé á dvalar- og leiksvæðum
- V bekkir á dvalar- og leiksvæðum
- VI hvort gerð sé grein fyrir litavali og merkingum á leiksvæðum með hliðsjón af þörfum blindra og sjónskertra

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. liðir a, b og g 7.1.6. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - VI til að tryggja aðgengi og öryggi.



Byggingarlýsing aðaluppdráttá

1.61 Almennar kröfur til íbúða

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- hönnuður hafi lagt fram rökstuðning um að rými íbúðar sé nægjanlega stórt miðað við áætlaðan fjölda íbúa

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppfyllt eru ákvæði um að lagður hafi verið fram rökstuðningur hönnuðar um stærð íbúðarherbergja, eldunaraðstöðu og baðherbergis.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 3. mgr. 6.7.1 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.7.1.

Tilgangur:

Skoðað til að tryggja aðgengi, heilsu og öryggi.



1.62 Byggingarlýsing

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði liða a-s í 4.3.9. gr. byggingarreglugerðar séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir byggingarlýsingu á aðaluppdráttum hvort uppfyllt eru ákvæði liða a-s í 4.3.9 gr. byggingarreglugerðar. Hvort gerð er grein fyrir:

- I almennum atriðum: götuheiti, númeri, hnitum og auðkennisnúmeri
- II notkun eða starfsemi, áætluðum fjölda starfsmanna og mestum fjölda fólks í salarkynnum
- III fjölda hæða, heildarstærð hvernar hæðar í m² og m³ og byggingarinnar í heild (brúttóstærð)
- IV stærð lóðar, nýtingarhlutfalli, heildarfjölda bílastæða og fjölda bílastæða fyrir fatlaða
- V almennri lýsingu á burðarkerfi: byggingarefni hæðarskila, stigum, veggjumog efstu loftplötu/paks
- VI gerð og klæðningarefni þaks, frágangi útveggja, gerð útveggjaklæðninga og litavali utanhúss
- VII gerð og hæð handriða innan sem utan bygginga og á lóð: við tröppur, stiga, svalir, verandir, gryfjur og aðrar mishæðir
- VIII einangrun allra byggingarhluta: gerð hennar og þykkt og reiknað einangrunargildi hvers einstaks byggingarhluta
- IX gerð innveggja og innihurða, þ.m.t. hljóðeinangrun, brunavörn og eiginleikum klæðninga innanhúss: brunaflokkun og hollustukröfum
- X innan byggingarinnar séu kerfisloft, uppbyggð gólf eða kerfisgólf
- XI lagnaleiðum, upphitun, loftræsingum, gaslögnum, þrýstilögnum og öðrum slíkum búnaði
- XII brunavörnum og flóttaleiðum svo og öllum búnaði tengdum brunavörnum: slökkvitækjum, viðvörunarkerfum, úðakerfum, reyklosun, neyðarlýsingu og leiðarmerkingum. Enn fremur öllu öðru er varðar brunavarnir og öryggi fólks innan mannvirkis, eins og getu slökkviliðs, útkallstíma, staðsetning veggsvala með tilliti til búnaðar slökkviliðs
- XIII hljóðvistarkröfum og hvernig þær eru uppfylltar



- XIV öllum öryggisbúnaði: innbrotaviðvörðun, brunaviðvörðunarkerfum, vatnsúðakerfum, reyklosunarbúnaði, vatnsöflun vegna slíkra kerfa í hærri mannvirkjum eða þar sem líkur eru á erfiðleikum við öflun vatns
- XV öllum tæknibúnaði: lyftum, vélbúnaði tengdum hurðum, gluggum, öðrum sjálfvirkum vél- og/eða þrýstibúnaði
- XVI atriðum er varða aðgengi og algilda hönnun
- XVII frágangi lóðar
- XVIII meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna
- XIX öðrum sértækum aðgerðum er varðar mannvirkni

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði a-s liðir 4.3.9 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - XIX til að tryggja aðgengi, heilsu og öryggi.



Fylgiskjöl aðaluppdráttar, greinargerðir

1.63 Greinargerðir um aðgengi

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- lögð hafi verið fram greinargerð um aðgengi

Gerð sé þar grein fyrir:

- þáttum sem leystir eru á annan hátt en í viðmiðunarreglum eða leiðbeiningum byggingarreglugerðar
- hvaða ákvæðum óskað er eftir að víkja frá, um ástæður þess að ekki er unnt að uppfylla þau og hvort unnt sé með öðrum hætti að tryggja aðgengi
- ákvæðum í 6.4.2. gr. um:
 - hurðaráttak, þrýsting og tog
 - sjálfvirkan opnunarbúnað dýra
 - staðsetningu og gerð rofa
 - hæð þröskulda á inngangs-/svaladyrum
- ákvæðum í 6.4.3 gr. um :
 - þröskuldslausar byggingar
- ákvæðum í 4. mgr. 7.1.6. gr. um:
 - yfirborðsefni dvalar- og leiksvæða
 - bekki
 - að fallhætta sé afgirt eða merkt ásamt frambrún þrepa
 - að frágangur og staðsetning staura/polla taki mið af sjónskertum og blindum
 - að auðvelt sé fyrir alla að komast í og upp úr vatni á baðsvæðum
 - að litaval og merkingar á leiksvæðum séu gerðar með hliðsjón af þörfum blindra og sjónskertra
- ákvæðum í 6.4.11. gr. um skábrautir:
 - vatns-/hliðarhalla
 - snjóbræðslu
 - kant við báðar hliðar
 - handrið og handlista
 - auðkenna hæðarbreytingar
 - lýsingu o.fl.
- ákvæðum í 6.4.12. gr. um:
 - rökstuðning hönnuðar þegar á að sleppa lyftu í þegar byggðu húsi
 - hljóðmerki þegar lyfta stöðvast
 - að það sé handlisti á a.m.k. einum vegg lyftu
 - staðsetningu og gerð hnappa og hnappaborðs í og við lyftu
 - að ljós sé virkt þegar móttekið er neyðarkall



- á kvæðum 6.7.1. gr. um:
 - að gert sé ráð fyrir tengibúnað vegna hleðslu rafbíla við hvert stæði
- ákvæðum í 6.7.3. gr. um:
 - að þegar íbúð, baðherbergi eða athafnasvæði framan við eldhúsinnréttingar uppfyllir ekki forsendur algildrar hönnunar sýni hönnuður fram á hvernig breyta megi þeim síðar á hagkvæman hátt svo hún uppfylli skilyrðin
- ákvæðum í 6.8.1. gr. um
 - tengibúnað vegna hleðslu rafbíla
- ákvæðum í 6.9.1. gr. um:
 - tónmöskvakerfi
- ákvæðum í lið 2 í meginreglum 9.4.2. gr. um:
 - ljósmerki og hljóðmerki við brunaviðvörun
- ákvæðum í 9.5.10. gr. um:
 - að allir hafa aðgengi að tveimur öruggum svæðum
 - að rafmagnsopnunar búnaður sé með varaafgjafa
 - að opnunarkraftur á handfangi hurðar að öruggu svæði sé ekki yfir 25 N
- ákvæðum í 3. lið 9.5.11. gr. um:
 - að leiðarmerkingar fyrir blinda og sjónskerta sé hljóðmerki

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir greinargerðir og athugar hvort þær uppfylli ákvæði um að:

- I lögð hafi verið fram greinargerð um aðgengi (A)
- II gerð sé grein fyrir þáttum sem leystir eru á annan hátt en í viðmiðunarreglum eða leiðbeiningum byggingarreglugerðar (S)
- III gerð er grein fyrir hvaða ákvæðum óskað er eftir að víkja frá, ástæður þess að ekki er unnt að uppfylla þau og hvort unnt er með öðrum hætti að tryggja aðgengi (S)
- IV gerð er grein fyrir ákvæðum í 6.4.2. gr. er varðar eftirfarandi (S):
 - hurðaráttak, þrýsting og tog hurða
 - sjálfvirkar opnunar búnað dyra
 - staðsetningu og gerð rofa
 - hæð þröskulda á inngangs-/svaladyrum.
- V gerð er grein fyrir ákvæðum í 6.4.3. gr. er varðar eftirfarandi (S):
 - þröskuldslausar byggingar



- VI gerð er grein fyrir ákvæðum í 4. mgr. 7.1.6. gr. er varðar eftirfarandi (S):
- yfirborðsefni dvalar- og leiksvæða
 - bekkir á dvalarsvæðum og við leiksvæði
 - að fallhætta sé afgirt eða merkt ásamt frambrún þrepa
 - að frágangur og staðsetning staura/polla taki mið af sjónskertum og blindum
 - að auðvelt er fyrir alla að komast í og upp úr vatni á baðsvæðum
 - að litaval og merkingar á leiksvæðum séu gerðar með hliðsjón af þörfum blindra og sjónskertra
- VII gerð er grein fyrir ákvæðum í 6.4.11. gr. um skábrautir (S), um:
- vatnshalla/hliðarhalla á öllum flötum skábrauta utanhúss
 - snjóbræðslu undir yfirborði skábrautar þar sem því verður viðkomið
 - kant við báðar hliðar þar sem handrið er ekki þannig frágengið að hjólastóll geti ekki runnið út af skábrautinni
 - handrið beggja vegna með handlistum
 - að handlistar nái 0,30 m fram fyrir báða enda skábrautar
 - að auðkenna hæðarbreytingar fyrir sjónskerta og blinda
 - lýsingu sem hentar aðstæðum og fyrirhugaðri umferð
- VIII gerð er grein fyrir ákvæðum í 6.4.12. gr. lyftur og lyftupallar (S), um:
- rökstuðning hönnuðar þegar á að sleppa stokkalyftu í þegar byggðu húsi
 - hljóðmerki þegar lyftudyr opnast og lyfta stöðvast
 - að það sé handlisti á a.m.k. einum vegg lyftu
 - staðsetningu og gerð hnappa og hnappaborðs í og við lyftu
 - að ljós er virkt þegar móttakið er neyðarkall
- IX gerð er grein fyrir ákvæðum 6.7.1. gr. um:
- að gera ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hvert stæði
- X gerð er grein fyrir ákvæðum í 6.7.3. gr. um
- að þegar baðherbergi og athafnasvæði framan við eldhúsinnréttingar uppfyllir ekki forsendur algildrar hönnunar þá sýni hönnuður fram á hvernig breyta megi íbúðinni síðar á hagkvæman hátt svo hún uppfylli skilyrðin (S)
- XI gerð er grein fyrir ákvæðum í 6.8.1. gr. um:
- tengibúnað vegna hleðslu rafbíla
- XII gerð er grein fyrir ákvæðum í 6.9.1. gr. um:
- tónmöskvakerfi (S)
- XIII gerð er grein fyrir ákvæðum í lið 2 í meginreglum 9.4.2. gr. (S), um:
- ljósmerki og hljóðmerki við brunaviðvörðun
- XIV gerð er grein fyrir ákvæðum í 9.5.10. gr. (S), um:
- að allir hafi aðgengi að tveimur öruggum svæðum



- að rafmagnsopnunarbúnaður sé með varaafgjafa
- að opnunarkraftur á handfangi hurðar að öruggu svæði sé ekki yfir 25 N XV gerð er grein fyrir ákvæðum í 3. lið 9.5.11. gr. um:
- að leiðarmerkingar fyrir blinda og sjónskerta er hljóðmerki við útganga, merkingar í handlistum eða í gólfi (S)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. mgr. liður a 4.5.3 gr. og leiðbeiningar (kafli 1.1-1.4), 3. mgr. 6.1.3 gr. og leiðbeiningar, 3. mgr. 6.1.5 gr., 6.4.2 gr., 6.4.3. gr., 6.4.11 gr., 6.4.12 gr., 11. mgr. 6.7.1 gr., 6.7.3 gr., 6. mgr. 6.8.1 gr., 2. mgr. 6.9.1 gr., 4. mgr. 7.1.6 gr., lið 2 í meginreglum 9.4.2 gr., 9.5.10 gr. og 3. lið 9.5.11 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - XIV til að tryggja aðgengi og öryggi.



1.64 Greinargerðir um einangrun og raka

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- lögð hafi verið fram greinargerð um einangrun og raka
- gerð sé grein fyrir forsendum og helstu niðurstöðum hönnunar um:
 - ákvörðun U-gilda
 - útreikningar heildarleiðnitaps
 - einangrunarþykkt
 - leiðnitap og einstök U-gildi
 - raka- og vindvarnir
 - létt þök
 - skriðrými
 - steypþök
 - léttir útveggir
 - kuldabryr
 - steypfir útveggir sem einangraðir eru að innan
 - botnplötur
 - votrými

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður kannar hvort:

- I hönnuðir hafi unnið greinargerðir vegna einangrunar, þ.m.t. útreikningur á heildarleiðnitapi (A)
- II hönnuður hafi sýnt fram á með rökstuðningi eða öðrum gögnum að mannvirki sé hannað og byggt þannig að vatn eða raki geti ekki valdið skaða á mannvirki í heild eða einstökum hlutum þess eða skapað aðstæður sem valdið geta óþægindum, slysum eða verið hættulegar heilsu manna, s.s. vegna myndunar myglu eða varasamra örvera, (S)
- III hönnuður sýni fram á hvernig tryggja skal vatnspéttileika þaka og að ekki verði uppsöfnun vatns. Efnisval aðalregnvarna skal henta þakhalla þannig að tryggður sé fullnægjandi þéttleiki að teknu tilliti til aðstæðna (S)



Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. mgr. liður b 4.5.3. gr., leiðbeiningar (kafli 2.1-2.4), 10.5.1. gr., 10.5.2 gr., 10.5.4. gr., 10.5.5. gr., 10.5.7.gr., 13.2.2 gr., 13.2.3. gr., 13.2.4. gr. og 13.4.1 gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Að tryggja hollustu mannvirkisins.



1.65 Greinargerðir um hljóðvist

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- lögð fram greinargerð um hljóðvist.
- farið yfir helstu niðurstöður hljóðvistargreinargerðar eftirtalinna þátta skv. ÍST 45:
 - lofthljóðeinangrunar
 - högghljóðeinangrunar
 - ómtíma
 - hljóðstig innanhúss frá tæknibúnaði
 - hljóðstig innanhúss frá umferð
 - hljóðstig innanhúss frá öðrum hljóðgjöfum utanhúss
 - hljóðstig á útisvæðum vegna umferðar
- hljóðstig utanhúss frá tæknibúnaði bygginga og öðrum hljóðgjöfum

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga og S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

- I hönnuður lýsi í greinargerð frágangi vegna lofthljóðeinangrunar, högghljóðeinangrunar og geri grein fyrir ómtíma, (A)
- II afstaða/ráðstafanir hafi verið tekin til aðgerða til varnar hljóði innanhúss frá tæknibúnaði, umferð og öðrum hljóðgjöfum, (S)
- III afstaða/ráðstafanir hafi verið tekin til aðgerða til varnar hljóði frá útisvæðum og hljóðgjöfum utanhúss, (S)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. mgr. liður c 4.5.3. gr. byggingarreglugerðar, leiðbeiningar 4.5.3 (kaflí 3.1-3.4) og ÍST 45.

Tilgangur:

Að tryggja hollustu mannvirkisins.



1.66 Greinargerðir um brunahönnun

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- lögð hefur verið fram greinargerð um brunahönnun
- lýst sé hvaða aðferð við hönnun brunavarna bygginga er notuð og tilvísunum í staðla
- greinargerðin taki til þeirra þátta sem ekki koma fram á aðaluppdráttum og útskýringum við þá þætti sem leystir eru með öðrum hætti en viðmiðunarreglur byggingarreglugerðar lýsa
- greinargerðin taki til þeirra þátta sem ekki koma skýrt fram á uppdráttum eða byggingarlýsingu
- í greinargerðinni séu tilgreind frávík frá viðmiðunarreglum sem byggja á þekktum lausnum, auk þess hvort frávík frá viðmiðunarreglunum séu skýrð og rökstudd

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga og S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort lögð hafi verið fram greinargerð um brunavarnir mannvirkis þar sem lýst er hönnun brunavarna. (A og S).

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 1. mgr. liður d 4.5.3. gr., leiðbeiningar (kafla 4.1-4.4) liður a og c1 í 9.2.2. gr., 9.2.3. gr. og 9.2.4. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Að tryggja öryggi mannvirkis.



1.67 Greinargerðir um lýsingu

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- lögð hefur verið fram greinargerð um lýsingu
- gerð sé grein fyrir forsendum hönnunar, kröfum reglugerða og staðla

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort lögð hafi verið fram greinargerð um lýsingu í og við mannvirki þar sem gerð er grein fyrir fyrirhugaðri lýsingu í og við mannvirki. (A og S)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði byggingarreglugerðar: 4. mgr. 4.1.3. gr., 1. mgr. liður h 4.5.3. gr., leiðbeiningar (kafli 8.1-8.4), 5. mgr. 6.2.2. gr., 1. mgr. liður a 6.2.3. gr., viðmiðunarregla 13 6.4.11. gr., 3. mgr. 7.2.4. gr. og 12.2.1. gr.

Tilgangur:

Að tryggja öryggi og hollustu mannvirkis



1.68 Greinargerðir um öryggi

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- lögð hefur verið fram greinargerð um öryggi
- í greinargerðinni sé fjallað um hönnunarþætti í 12. hluta byggingarreglugerðar
- lýst sé forsendum hönnunar, kröfum reglugerða og staðla

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

- I að lögð hafi verið fram greinargerð um öryggi (A)
- II í greinargerð sé gerð grein fyrir ákvæðum sem fram koma í köflum 12.1 til og með 12.10. sem eiga við í viðkomandi verki (S)
- III lýst sé forsendum hönnunar, kröfum reglugerða og staðla

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði byggingarreglugerðar 1 mgr. liður i 4.5.3 gr., leiðbeiningar hennar nr. 4.5.3 9.1 – 9.4 kafli og 12. hluti byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Að tryggja öryggi í og við mannvirki.



2 Byggingaruppdrættir (séruppdrættir)

2.1 Gátlistar hönnunarstjóra

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- gátlistar vegna innra eftirlits hönnuðar um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, hafi verið lagðir fram eða önnur staðfesting á eigin yfirferð

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir málsetningar á aðaluppdrætti og athugar hvort:

- I. Gátlistar eða önnur staðfesting vegna innra eftirlits hönnuðar um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla hafi verið lagðir fram

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.1.2. gr. byggingarreglugerðar

Tilgangur:

Fá staðfestingu á að innra eftirlit hönnuða hafi farið fram



2.2 Staðfest samræmi við aðaluppdrátt og áritun hönnunarstjóra

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- samræmi byggingaruppdráttar við aðaluppdrátt sé staðfest
- fyrir liggi greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið og hún vísi til hönnuðar byggönnuður ingaruppdráttar
- áritun hönnunarstjóra sé fyrir hendi

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

- I samræmi byggingaruppdráttar við aðaluppdrátt sé staðfest (A)
- II fyrir liggi greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið og hún vísi til hönnuðar byggingaruppdráttar (A) og (S)
- III áritun hönnunarstjóra sé fyrir hendi (S)
- IV hönnuður sé skráður af hönnunarstjóra sem hönnuður byggingaruppdráttar (A) og (S)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 3. mgr. 4.1.1. gr. 2., 5. og 6. mgr. 4.1.2. gr. og 1. og 2. mgr. 4.1.3. gr. byggingar-reglugerðar

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IV til að tryggja nothæfi, skráningu og að ákvæði byggingarreglu-gerðar séu uppfyllt.



2.3 Frágangur og merking uppdráttu

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- á uppdrætti komi fram götunúmer eða annað fullnægjandi auðkenni mannvirkis
- á uppdrætti komi fram nafn og undirritun hönnuðar
- breytingar uppdráttar séu skráðar á uppdrátt og tölusettar
- lýst sé á uppdrætti í hverju breytingin er fólgin

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

- I á uppdrætti komi fram undirritun hönnuðar og kennitala
- II á uppdrætti komi fram götunúmer eða annað fullnægjandi auðkenni mannvirkis
- III breytingar uppdráttar séu skráðar á uppdrátt og tölusettar
- IV lýst sé á uppdrætti í hverju breytingin er fólgi

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4. mgr 4.2.3 gr. byggingarreglugerðar

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - IV til að tryggja nothæfi, skráningu og að ákvæði byggingarreglu-gerðar séu uppfyllt.



2.4 Greinargerð hönnuðar (hljóðvist 2)

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- greinargerð varðandi hljóðvist 2 fylgi hönnunargögnum enda sé vísað til hennar á aðaluppdráttum

Úttektaraðferð:

A – afhending upplýsinga (A) og S – sjónskoðun (S).

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

- I greinargerð varðandi hljóðvist 2 fylgi hönnunargögnunum sé þess getið á aðaluppdráttum (A)
- II faghönnuður og hönnunarstjóri hafi áritað byggingaruppdrættina, (S)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.5.3 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 4.5.3 kafli 3 Hljóðvist 2.

Tilgangur:

Skoðaðir eru liðir I - II til að tryggja hollustu mannvirkis.



2.5 Frágangur raka- og vindvarnarlaga

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Gerð sé grein fyrir:

- loftræsingu skriðrýmis og vörnum gagnvart jarðraka
- uppbyggingu rakavarnarlaga í hæðarskilum yfir skriðrými
- frágangi rakavarnarlaga byggingarhluta
- loftun útveggjaklæðninga
- loftun þakrýmis

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppdrættir taki mið af greinargerð og að fram komi:

- I að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt
- II fyrirkomulag loftræsingar skriðrýmis sýnd og vörnum gagnvart jarðraka lýst
- III uppbygging rakavarnarlaga í hæðarskilum yfir skriðrými sýnd
- IV frágangur rakavarnarlaga byggingarhluta lýst
- V loftun útveggjaklæðninga sýnd
- VI loftun þakrýmis sýnd

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 10.5.1. gr., 10.5.2. gr., 1., 2., 5., 6. og 9. mgr. 10.5.5. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Að tryggja hollustu mannvirkis.



2.6 Frágangur klæðninga þaka og þakbrúna

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- gerð sé grein fyrir gerð klæðningarefnis, festingum og öðrum tilsvarendi frágangi
- frágangur sé gerður með tilliti til þakhalla
- vatnspéttleiki sé tryggður svo ekki verði uppsöfnun vatns
- lágmarks loftun léttra þaka sé uppfyllt
- frágangur snjógildra og þakniðurfalla sé skv. ákvæðum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppdrættir taki mið af greinargerð og að fram komi:

- að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt
- gerð klæðingarefnis, festinga og frágangur þess
- frágangur, efnisval og vatnspéttleiki sé valin með tilliti til þakhalla
- að frágangur sé þannig að ekki verði uppsöfnun vatns
- loftun þaks sé sýnd
- frágangur snjógildra og niðurfalla sé sýndur og sé samkvæmt ákvæðum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.4.2. gr., 10.5.3. gr., 10.5.4. gr. og 10.5.5. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Tryggja hollustu og öryggi mannvirkis.



2.7 Frágangur ystu klæðningar veggja, glugga, dyra, festingar og loftun

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- gerð sé grein fyrir gerð klæðingarefnis, festingum og lágmarks loftun klæðninga sé uppfyllt
- ákvæði um glugga-/dyrabéttingar og festingar séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppdrættir taki mið af greinargerð/ byggingarlýsingu og að fram komi:

- I að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt
- II gerð klæðingarefnis, festinga (gerð og fjöldi) og frágangur
- III loftun sé sýnd
- IV frágangur glugga og dyra sé sýndur (Festingar og þétting)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.4.2.gr. og 10.5.5. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Tryggja hollustu og öryggi mannvirkis.



2.8 Uppbygging og frágangur brunahólfandi veggja annarra en burðarveggja.

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- gerð sé grein fyrir brunaskilum og brunamótstöðu annarra veggja en burðarveggja mannvirkis, festingum þeirra og frágangi á þéttleika

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppdrættir taki mið af greinargerð/ byggingarlýsingu og að fram komi:

- I að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt
- II gerð klæðingarefnis
- III uppbyggingu (heilleika og einangrun)
- IV festinga (gerð og fjöldi)
- V frágangur vegna þéttleika (þéttiefni og frágangur þess)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 9.6.8. gr., 9.6.11. gr., 9.6.12. gr., 9.6.15. gr. og 9.9.5. gr.
byggingarreglugerðar og leiðbeiningar 9.9.5.

Tilgangur:

Tryggja öryggi mannvirkis.



2.9 Uppbygging og frágangur niðurhengdra lofta og frágangur vegna eldvarna

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Gerð sé grein fyrir:

- efni, festingum og gerð niðurhengdra lofta
- frágangi og þéttleika fyrir ofan niðurhengt loft vegna brunavarna

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppdrættir taki mið af greinargerð/ byggingarlýsingu og að fram komi:

- I að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt
- II gerð klæðingarefnis
- III uppbygging þess (heilleika og einagrun)
- IV festingar (gerð og fjöldi)
- V frágangur vegna brunapéttleika (þéttiefni og frágangur þess)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 8.2.2. gr. og 2. mgr. liður 9.6.8. gr. og 9.9.5. gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar 9.9.5

Tilgangur:

Tryggja öryggi mannvirkis.



2.10 Frágangur, gerð og þykkt varmaeinangrunar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- kröfur til varmaeinangrunar og brunamótstöðu allra einangraðra byggingarluta séu skilgreindar

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppdrættir taki mið af greinargerð/ byggingarlýsingu og að fram komi:

- I að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt
- II gerð einangrunarefnis
- III uppbygging þess (þykkt, brunamótstaða og þéttleiki)
- IV festingar (gerð og fjöldi)
- V frágangur við byggingarluta (þéttiefni og frágangur þess)
- VI að einangrun sé samkvæmt leiðniútreikningum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4.5.2. gr., 9.6.10. gr., 9.6.11. gr. og 13.3.2. gr. byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Tryggja öryggi, hollustu og orkusparnað mannvirkis.



2.11 Frágangur hljóðeinangrunar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- skilgreindar séu varnir gagnvart hávaða og hvort þær uppfylli brunakröfur

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort uppdrættir taki mið af greinargerð/ byggingarlýsingu og að fram komi:

- I að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt
- II gerð varna gagnvart hávaða (uppbygging, efnisgerð, festingar, heilleiki og einangrun)
- III frágangur gagnvart bruna (uppbygging, efnisgerð, heilleiki og einangrun)

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 9.6.8. gr. og 11. hluti byggingarreglugerðar.

Tilgangur:

Tryggja öryggi, hollustu mannvirkis.



2.12 Inngangs-/ útidyr og svala-/ garðdyr

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt í mannvirkjum hönnuðum á grundvelli algildrar hönnunar um:

- hámarks átak á handfangi við að opna hurð og mesta þrýsting/tog
- sjálfvirka opnunarbúnaði
- hámarkshæð þröskulda við inngangs-/útidyr og svala-/ garðdyr
 - hæðarmun fullfrágengis gólfs byggingar ásamt þröskuldi og svo svalagólfs/ aðkomugólfs úti og verandar
 - skábrautum sé komið fyrir að utanverðu upp að þröskuldi á svölum þar sem svalagólf er lægra en gólf mannvirkis

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir á uppdráttum og í greinargerðum, fyrir mannvirki sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar, hvort:

- I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt
- II ákvæði séu uppfyllt varðandi hámarks átaki á handfangi við að opna hurð og mesta þrýsting/togi
- III ákvæði séu uppfyllt um sjálfvirka opnunarbúnaði fyrir inngangs-/útidyr
- IV gerð sé grein fyrir staðsetningu á rofa fyrir sjálfvirkann opnunarbúnað
- V hámarkshæð þröskulda við inngangs-/útidyr og svala-/ garðdyr
- VI hæðarmun fullfrágengis gólfs byggingar ásamt þröskuldi og svo svalagólfs/ aðkomugólfs úti og verandar
- VII skábrautum sé komið fyrir að utanverðu upp að þröskuldi á svölum þar sem svalagólf er lægra en gólf mannvirkis

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.2 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.2.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaðir eru liðir II - V til að tryggja aðgengi.



2.13 Dyr innanhúss

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um hámarksátak við að opna hurð og þröskuldslausar dyr innan íbúða fyrir hreyfihamlaða, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt.

Skoðunarmaður fer yfir á byggingaruppdráttum og í greinargerð um aðgengi hvort uppfyllt séu ákvæði um:

II að gerð sé grein fyrir hámarksátaki við að opna hurð á handfangi og mesta þrýstingi/togi

III að dyr séu þröskuldslausar innan íbúða fyrir hreyfihamlaða

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.3 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.3.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaðir eru liðir II - III til að tryggja aðgengi.



2.14 Gangar og anddyri

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði viðmiðunarreglna um leiðarlista í stórum opnum rýmum, séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt

Hann fer yfir á byggingaruppdráttum og greinargerð hönnuða um aðgengi hvort uppfyllt eru ákvæði í viðmiðunarreglum um:

II leiðarlista í stórum opnum rýmum fyrir blinda og sjónskerta

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2. mgr. 3. liðar 6.4.4 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.4.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaður er liður II til að tryggja aðgengi.



2.15 Stigar, tröppur og þrep

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði séu uppfyllt um stigapalla og gerð stiga svo ekki skapist hætta fyrir sjónskerta eða blinda

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt

Hann fer yfir á byggingaruppdráttum hvort uppfyllt eru ákvæði um:

II stigapalla og gerð stiga svo ekki skapist hætta fyrir sjónskerta eða blinda, merkingar um hæðabreytingar í byggingum og stigapöllum

III frágang stiga til að koma í veg fyrir að sjónskertir og blindir gangi á eða innundir þá

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6. og 7. mgr. 6.4.6 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.6.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaðir eru liðir II - III til að tryggja aðgengi.



2.16 Stigar og tröppur - breidd og lofthæð

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um hindrunarlausa ganghæð í stiga, sé uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt

Hann fer yfir á byggingaruppdráttum hvort uppfyllt eru ákvæði um:

II hindrunarlausa ganghæð í stiga

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 4. mgr. 6.4.8 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.8.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaður er liður II til að tryggja aðgengi.



2.17 Stigar og tröppur – gönguhlutfall, framstig, uppstig, innskot o.fl.

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- halla
- gönguhlutfall
- uppstig þrepa
- framstig þrepa
- innskot þrepa

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt

Skoðunarmaður fer yfir á byggingaruppdráttum hvort uppfyllt séu ákvæði um:

II halla á stigum fyrir almenna umferð innanhúss á bilinu 30° - 36°.

III gönguhlutfall milli framstigs og uppstigs á bilinu $2h+b=600-640$ mm

IV uppstig þrepa á bilinu 120-180 mm.

V framstig þrepa í ganglínu að lágmarki 240 mm

VI breidd á innskoti þrepa

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.9 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.9.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaðir eru liðir II - VI til að tryggja öryggi.



2.18 Sveigðar tröppur, hringstigar og útitröppur

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

- ákvæði um sveigðar tröppur, hringstiga og útitröppur séu uppfyllt

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt

Hann fer yfir á byggingaruppdráttum hvort uppfyllt séu ákvæði um sveigðar tröppur, hringstiga og útitröppur um:

II framstig í ganglínu sveigðra trappa/hringstiga að lágmarki 150 mm

III framstig útitrappa að lágmarki 280 mm

IV uppstig útitrappa á bilinu 120 – 160 mm

V halla útitrappa á bilinu 17°- 30°.

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 6.4.10 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.10.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaðir eru liðir II - V til að tryggja aðgengi og öryggi.



2.19 Skábrautir og hæðarmunur

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- vatnshalla
- upphækkanir á hliðarköntum
- handrið
- handlista
- að handlisti nái fram fyrir báða enda skábrautar
- að auðkenna hæðarmismun
- lýsingu

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt

Skoðunarmaður fer yfir á byggingaruppdráttum hvort eftirfarandi þættir uppfylli ákvæði viðmiðunarreglna um skábrautir:

II hliðar-/ vatnshalla skábrauta

III upphækkanir á hliðarköntum

IV handrið og handlista

V að handlisti nái 300 mm fram fyrir báða enda skábrautar

VI að gerð sé grein fyrir hvort hæðarmismunur við skábraut sé auðkenndur fyrir sjónskerta og blinda

VII lýsingu við skábraut

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 2. mgr. 6.4.11 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.4.11.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaðir eru liðir II – VII til að tryggja aðgengi og öryggi.



2.20 Lyftur og lyftupallar

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt í viðmiðunarreglum um:

- hljóðmerki
- handlista
- staðsetningu hnappa og hnappaborðs
- samtalskerfi

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt

Skoðunarmaður fer yfir á byggingaruppdráttum og greinargerðum, hvort uppfyllt séu eftirfarandi atriði um ákvæði í viðmiðunarreglum um lyftur og lyftupalla:

- II að gerð er grein fyrir búnaði fyrir hljóðmerki til að gefa til kynna þegar lyfta opnast og til að gefa til kynna staðsetningu hennar
- III að gerð er grein fyrir að handlisti er á að minnsta kosti einum vegg í lyftu
- IV að gerð er grein fyrir staðsetningu hnappa við lyftudyr
- V að gerð er grein fyrir staðsetningu hnappaborðs í lyftu
- VI að gerð er grein fyrir samtalskerfi við lyftunotanda sem ýtt hefur á neyðarhnapp

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði í viðmiðunarreglum 6.4.12 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar nr. 6.4.12.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaðir eru liðir II - VI til að tryggja aðgengi og öryggi.



2.21 Frágangur handlista

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um að:

- handlisti nái fram fyrir stigaprep
- handlisti sé óslitinn
- fjarlægð handlista frá vegg
- þar sem krafist er algildrar hönnunar skuli handlistinn vera afgerandi

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur er í samræmi við aðaluppdrátt

Skoðunarmaður fer yfir á byggingaruppdráttum og greinargerðum, hvort uppfyllt eru ákvæði frágangs handlista um:

II að handlisti nái 300 mm fram fyrir neðsta og upp fyrir efsta stigaprep

III að handlisti umhverfis stigapípu er heill og óslitinn frá neðsta að efsta stigaprepi

IV fjarlægð handlista frá vegg sé að minnsta kosti 50 mm

V að þar sem algildrar hönnunar er krafist skuli handlistinn vera afgerandi og vel sýnilegur fólki með skerta sjón og hvort merki er komið fyrir til að gefa sjónskertum til kynna óhjákvæmilegt rof handlistans

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

Ákvæði 3. mgr. 6.5.2 gr. byggingarreglugerðar og leiðbeiningar hennar nr. 6.5.2.

Tilgangur:

Skoðaður er liður I til að tryggja samræmi gagna.

Skoðaðir eru liðir I - V til að tryggja aðgengi og öryggi.



2.22 Frágangur handriðs

Eftirfarandi er kannað með samanburði við viðmiðunargögn hvort:

Ákvæði séu uppfyllt um:

- op í handriðum
- bil milli handriðs og þreps
- bil milli handriðs og stiga eða svalaplötu
- klæðningu að innanverðu
- samfelldan handlista á glerhandriðum

Úttektaraðferð:

S – sjónskoðun.

Staðlaðar athugasemdir og flokkun:

sjá skoðunarlista.

Framkvæmd:

Skoðunarmaður fer yfir hvort:

I byggingaruppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrátt

Hann fer yfir á byggingaruppdráttum og greinargerðum, hvort uppfyllt séu ákvæði um:

- II að op í handriðum sé að hámarki 89 mm að breidd upp að 0,80 m hæð frá gólfi eða frambrún þreps
- III bil milli handriðs og þreps
- IV bil milli handriðs og stigapalls, svala, veggs og þess háttar
- V bil milli utanáliggjandi handriðs og stiga eða svalaplötu
- VI handrið með láréttum rimlum eða hallandi sé með klæðningu að innanverðu í a.m.k. 0,80 m frá gólfi eða frambrún þreps eða palls
- VII samfelldan handlista með fullnægjandi festingum á glerhandriðum

Forsendur yfirferðar:

Tilvísun:

